

Þingeyjarsveit
Björn Guðmundsson
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík 29. september 2020
UST202009-110/A.B.
09.04.11

Efni: Umsögn vegna framkvæmda – Endurbætur á salernisaðstöðu við Aldeyjarfoss í Þingeyjarsveit.

Vísað er til erindis verkefnastjóra framkvæmda hjá Þingeyjarsveit er barst 9. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir vegna endurbóta á salernisaðstöðu við Aldeyjarfoss í Þingeyjarsveit.

Í erindinu kemur fram að framkvæmdin gengur út á að bæta salernisaðstöðu fyrir ferðamenn við Aldeyjarfoss þar sem gert er ráð fyrir að endurgera núverandi salerni og laga aðkomu fyrir hreyfihamlaða. Auk þess kemur fram að framkvæmdin gengur út á að bæta aðstöðu til að þjónusta þurrsalernið, s.s. bæta aðgengi til að skipta um tunnur og setja niður frárennsli og siturbeð.

Einnig kemur fram að stuðst verður við hönnun Eflu verkfræðistofu á þurrsalerni við Vikraborgir í Vatnajökulsþjóðgarði.

Fráveita

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að aðstaðan sé bætt og horft verði til útfærslu við Vikraborgir í Vatnajökulsþjóðgarði.

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp. Stofnunin bendir einnig á mikilvægi þess að hugað sé að útfærslu á meðferð úrgangs.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að haft verði samráð við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra vegna útfærslu framkvæmdarinnar.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakek Kristjansdóttir
sérfræðingur